

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Skólastjórafélags Íslands**

28. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands var haldinn miðvikudaginn 12. mars 2017 og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu f.h. Sí, Svanhildur María Ólafsdóttir og Magnús Þór Jónsson. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Launasetning starfsmanns við námsúræði/sérdeild í grunnskóla

Aðilar eru smmála um að starfið sem um ræðir sé almennt viðameira en gerist hvað varðar störf sérkennara og umsjónarkennara í grunnskólum. Í vetur sækja 10 nemendur umrætt námsúræði og stjórnar viðkomandi starfsmaður daglegu starfi deildarinnar. Í starfinu felst m.a. stjórnunarhlutverk, utanumhald, undirbúningur og skipulag fyrir nemendur sem þarfnast sértækra námsúræða og koma nemendur frá öllum skólahverfum Kópavogsbæjar. Næsti yfirmaður starfsmanns er skólastjóri. Samstarfsnefnd er sammála um að úræðið sé á allan hátt sambærilegt þeirri skilgreiningu sem fram kemur á formlegri sérdeild í grein 1.3.3 í kjarasamningi Skólastjórafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga sbr. eftirfarandi:

Skilgreining á formlegri sérdeild:

- Að deildin sé opin nemendum annarra skólahverfa.
- Deild telst ekki formleg sérdeild nema innritaðir nemendur séu að lágmarki 6.
- Formleg umsókn til skólastjóra undirrituð af forráðamanni viðkomandi nemanda um inntöku í sérdeild studdar af sérfræðingi, t.d. sálfræðingi.
- Formlegur inntökufundur þar sem ákvörðun er tekin um innritun einstaklinga í deildina.
- Formlegur skilafundur vegna útskriftar einstaklinga í almennar bekkjardeildir eða annað úrræði.

Niðurstaða:

Meðan starfsmaðurinn gegnir óbreyttu starfi skal hann grunnraðast í starfsheitið deildarstjóri 1, lfl. 413 skv. kjarasamningi Skólastjórafélags Íslands. Starfinu fylgir 50% - 75% stjórnunarumfang og er kennsluskylda 13 kest og hámarkskenndla umfram kennsluskyldu 3 kest. Þak á kennsluyfirvinnu deildarstjóra gildir eingöngu um töflusetta kennslu.

Til viðbótar á hann rétt á tveimur launaflokkum vegna 10 ára stjórnunarreynslu frá 1. apríl 2017. Haldi viðkomandi áfram í starfi mun 1. lfl. bætast við þann 1. ágúst 2017 vegna 15 ára stjórnunarreynslu en deildin tók fyrst til starfa í umsjá starfsmannsins frá og með skólárinu 2002 – 2003.

Viðbótarnám sem metið var hjá viðkomandi þegar hann launaraðaðist sem umsjónarkennari er ekki metið til launaflokks Ekki er um að ræða formlega loknu 60 ETCS eininga diplómanámi skv. grein 1.3.6. í kjarasamningi Skólastjórafélags Íslands.

Með þessari endurröðun í starfsheiti falla sjálfkrafa niður, og án sérstakrar uppsagnar skv. ákvæðum kjarasamnings, allir yfirvinnutímar og aukagreiðslur sem starfsmaðurinn hefur notið vegna röðunar sem umsjónarkennari.

Ákvörðun þessi gildir frá og með 1. apríl 2017 og skulu launagreiðslur leiðréttar samkvæmt ofangreindri ákvörðun frá þessum tíma.

2. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 15:30